



LISTASAFN REYKJAVÍKUR – KJARVALSSTAÐIR



7. 2 - 28. 3. 2004

Alistair Macintyre

Veran í deginum

Thing of a day

## TEIKNAD MED FRAMRÁS TÍMANS / DRAWING WITH TIME

Samspil landslags og náttúruafla er okkur sem búsett erum hér á Íslandi vel kunnugt. Allt frá bernsku þekkjum við og skoðum af forvitni klakamyndanir í leir, grýlukerti á þakskeggjum, smálæki leysinganna á bilastæðum, við grófum okkur í skafla, gleðjumst þegar hvítt mynstur hverfur úr Esjunni á vorin og grænt tekur við. Á ferð um landið má sjá atgang náttúruaflanna yfir langan tíma, sjá verksummerki eldgosa og framgangs og hops skriðjökla, skoða jökulrákir á steinklöppum, strjúka slétta hrafntinnu, velta fyrir sér myndun hraunreipa. Við sjáum hvernig sprengingar hafa skapað fjöll í einu vettfangi, hvernig beljandi ár hafa mótað hyljdjúp gljúfur. Við vitum sem er að við eigum ekkert í þessar hamfarir, okkur er best að hafa okkur hægt.

Þetta viðhorf til náttúrunnar er síður að finna í öðrum Evrópulöndum, þar sem landslag er á sífelldu undanhaldi fyrir skipulagi mannsins og veðurfar mildara. Það er kannski þess vegna sem listamaður frá öðru landi hikar ekki við að taka að sér hlutverk náttúruaflanna þegar hingað kemur, notfæra sér eiginleika þeirra og skapa með þeim listaverk sem eru allt í senn; áferðarfallæg og dularfull um tilurð sína, þau leitast við að birta okkur framrás tímans, fanga leyndardóma fjarlægjar fortiðar, birta okkur á einfaldan hátt á pappirsörk samspil náttúruaflanna, tímans og listamannsins.

Alistair Macintyre er breskur listamaður sem dvalist hefur hér á landi um nokkurt skeið og unnið að list sinni. Undanfarin ár hefur hann gert verk sem hann kallar teikningar en mætti kannski líka kalla ísbrykk. Við gerð þeirra notar hann stórar ísblokkir sem hann staðsetur á pappirsörkum og lætur bráðna. Í ísblokkunum hefur hann komið fyrir járnformum sem fyrr eða síðar lenda á yfirborði pappirsins og ryðga þar. Járnformin verða til út frá vaxmótum sem að Macintyre tekur af yfirborði jarðar, vaxmót af áritunum eða merkingum á mannvirkjum, rústum, fjallstoppum. Vaxmótin eru notuð við gerð sterkari



Fallen columns, APTERA, Crete

The interplay of landscape and the forces of nature are well known to us who live here in Iceland. As children we recognize and curiously examine ice formations in clay, icicles hanging from roofs, small streams formed by ablation in the parking lots, we dig into snowdrifts and rejoice in spring when white patterns disappear from Mt. Esja and the greens take over. A journey through Iceland exposes the traveller to the long-term workings of the forces of the elements; one can see evidence of volcanic eruptions, the progression and regression of glaciers, inspect glacial strias on rock faces, stroke the smooth surface of obsidian rock and ponder on the formation of lava-ropes. It is possible to see how explosions spawned mountains in an instant, how raging rivers carved deep canyons in the rock. We know that we are no match for these extremities and so we should lay low.



Innan í beinum andrá /

This attitude to the environment is not as prominent in other European countries, where the landscape is constantly giving way to the hand of man, and where the climate is inclined to be less volatile. Perhaps this is why an artist who hails from beyond our shores doesn't hesitate to harness the elements, and marshal them to create works that reflect energy, change and flux. Beautiful in texture and mysterious in origin, these works seek to expose us to the progression of Time, to tap into the mysteries of an ancient past, and to reveal on the datum plane of a paper surface the interplay of elemental forces, catalysed by Time and the crucial intervention of the artist.

Alistair Macintyre is a British artist who has lived and worked in Iceland for a number of years. He makes works which he refers to as drawings, but could just as well be described as ice-transfers or prints. He uses large blocks of ice which he places on the paper and leaves them to self-destruct. Entombed in the ice-mass are iron transcriptions, which eventually settle onto the paper and begin to rust. These ferrous ciphers are transfers from direct wax-rubbings that Macintyre takes from surfaces he encounters in the field – contact traces of graffiti and formal data taken from buildings, ruins and mountain tops. The wax rubbings form a flattened archive of material, which





Inside the Bones of a Moment, 2003

móta úr plastefni sem síðan eru notuð við gerð þeirra járn móta sem á endanum ryðga á pappírinn. Þegar horft er á verkin má sjá fyrir sér hvernig listamaðurinn á í stöðugri baráttu við ferlið sem skapar þau. Á meðan ísinn bráðnar, járníð ryðgar, vatnið gufar upp og pappírinn þornar stýrir hann vatnstaumi hér, stöðvar flóð þar. Þessi baráttu skapar sterka togstreitu milli massa og tómarúms, eiginleika sem eiga nokkuð skylt

við höggmyndir og gæða verkin krafti. Niðurstaðan er heillandi verk þar sem stöðugt kallast á hneigð mannsins til að sveigja náttúruna að sínu höfði og tilviljanakennt ferli náttúrunnar sem kærir sig kollótta.

Ímyndum okkur rana skriðjökuls þar sem finna má goslög frá ýmsum öldum. Þegar hann bráðnar leggst aska úr Heklu frá tölftu öld inn á milli óskulaga frá síðustu öld og með berum augum er ekki hægt að greina þar á milli. Þegar ísinn bráðnar gerir hann ekki greinarmun á nútíð og fortíð. Náttúran leggur að jöfnu árpúsd og dag. Fjöll veðrast og hverfa á árpúndi, jöklar bráðna á hundruðum ára og turnar hrynja á sekúndubroti og skilja ekkert eftir sig nema óslétt yfirborð. Hið sama leitast Macintyre við að gera á pappírnum - hið þrívíða verður tvívítt og fortíð og nútíð verða eitt.

Á smáum skala endurskapar listamaðurinn þannig ferli náttúrunnar. Í smássinn, blokkinn sem hefur bráðnað, þyngd hennar og kraftur er enn til staðar í verkunum þó hún sé horfin í raunveruleikanum, rétt eins og auðvelt er að sjá fyrir sér ógurlegan massa skriðjökuls sem hefur hopað og skilið eftir sig fyrirferðarmiklar jökulöldur.

Í myndum okkur kortabók þar sem á annarri síðunni er kort af Krit og á hinn á Íslandi. Þegar við lokum bókinni myndast snertiflötur. Í verkinu Tvö þúsund fetum ofan við Völundarhúsið - Fjögur þúsund sinnum umhverfis sólu leitast Macintyre við að gera einmitt þetta. Á yfirborði pappírins sem í sjálfu sér minnir á sérkennilegan mosagróður eða skófir, rétt eins og væri hann landskiki út af fyrir sig, mætast þrykk af raunverulegu yfirborði þessara eyja, söguyjar báðar - önnur ung, hin gömul. Við

becomes resurrected into 3-D via plaster-casts and vinyl moulds - only to flatten out again, with time, onto the skin of the paper. When examining the works one can see how the artist constantly struggles with the volatile processes that drive them. As ice melts, iron oxidises, water vaporises and paper contorts in the drying. He will encourage a stream of water here and pre-empt a flood there. In the struggle he creates a powerful tension between mass and vacuum - primarily sculptural qualities that both define and empower the works. The outcome is compelling. Here we see the human need to dominate and control the elements locking horns with the random and chaotic forces that seek, with supreme indifference, to overpower us.

Let us imagine the snout of a glacier where one can find layers of volcanic ash from repeated eruptions. When the fossil ice melts, ash from the Mt. Hekla eruption in the twelfth century fuses with ash layers from the last and to the naked eye there is no difference. When the ice deposits its load of sediment it doesn't differentiate between the past and the present. The elements equate a millennium with a day. Mountains become stumps in the run of millennia, glaciers retreat over centuries and towers come tumbling down in seconds, leaving nothing behind but a broken surface. Macintyre seeks to do the same with his paper - distinctions of dimension become irrelevant and past and present merge into one.

Thus the artist recreates the processes of nature in microcosm. The ice mass, the block of substance that has denuded to nothing, its weight and force, is still apparent in the work, even though it has, in reality, disappeared - just as the magnificent mass of the glacier is evident after it has pulled back and left behind its great moraines.

Now picture an atlas, where a map of Crete appears on one page, and a map of Iceland on the other. When we close the book we create an interface. In the work Two Thousand Feet above the Labyrinth, Four Thousand Times around the Sun, Macintyre seeks to do just this. On the surface of the paper, which often suggests strange moss or lichen, as if it were a country in itself, relics of the surfaces of both these islands meet. They are both islands of saga and myth - one is young, the other old. The artist transposes traces of pre-Hellenic inscriptions, up to four thousand years old, gathered from the mountains of Crete, with those of recent graffiti carved into Icelandic hillsides. When these two relics of place come together on the same surface it is a meeting of two worlds and two different ages. In the piece Hoist a Black Sail, Macintyre refers to the Greek myth of Theseus and the Minotaur. Theseus's lapse of memory in forgetting to raise the white sail, when

gerð þessa verks notar hann yfirborðsþrykk af fjögur þúsund ára gömlum áletrunum frá fjallstoppi á Krit og síðan þrykk af nýlegu kroti sem rispað var í kletta á frá Íslandi. Þegar þessi þrykk koma saman á einu yfirborði mætast tveir heimar og tveinn tímar. Í verkinu Dragið upp svörtu seglin visar Macintyre til grísku goðsögunnar um Minótárin í vólundarhúsinu á Krit, til þess þegar Þeseifur gleymdi að draga upp hvítt segl í stað svarts eftir að vinna bug á Minótárum. Þetta svarta segl hafði síðan afdrifaríkar afleiðingar. Þannig mætast á yfirborði pappírins menning og náttúra. Föngum árþúsundin, segja þessi verk sem láta ekki mikið yfir sér við fyrstu sýn en þúa yfir rikri sögu þegar betur er að gáð. Saga árþúsunda býr í yfirborði þeirra um leið og hver sekúnda við sköpun þeirra skiptir máli.

Ahorfandanum er í sjálfsvald sett hvernig hann nálgast verk Alistair Macintyre. Þau bjóða upp á vangaveltur um eðli tímans og togstreitu ætlunar og tilviljunar. En fyrst og fremst eru þau búnaðsræn upplifun, myndir sem rýna má í líkt og þegar við skoðum náttúruna sjálfa. Rétt eins og í skuggum fjallshliðar leynast ótal myndir birtast hér í verksummerkjum tilviljanakennds flæðis - andlit, nautshöfuð, hönd, mannslíkami eða fjall. Og eins og þegar í sterkri sumarbirthu jafnvel fjall getur birst augnablik eins og fljótandi samspil ljóss og skugga, stærð þess og þungi vikið andartak fyrir tilfinningu um sjónblekkingu, hverfuleiki lífsins orðið skyndilega ljós, tíminn numið staðar augnablik en sekúndubroti síðar hafið göngu sína á ný, þá geta hinar margvíslegu myndir sem hér birtast á pappírnum vakið upp tilfinninguna um stöðvun tímans, samruna alls.

Það er hægt að gleyma sér við að skoða fegurð yfirborðsins en víta um leið af því sem býr á bak við. Fortíðin, sagan, menningin - að ógleymdum listamanninum sjálfum.

*Ragna Sigurðardóttir.*

sailing home victorious brought, in the course of events, a great many things crashing to earth. Thus culture and nature meet on the surface of the paper. Let us hold onto the moment is the message of these works - which at first glance might appear opaque, but do in fact constitute an intricate chronicle on close inspection. The story of millennia is compressed onto their surface, while every second in their creation carries equal weight.



Dragið upp svörtu seglin  
Hoist a Black Sail, 2003

It is up to the viewer how to approach these works. They bring with them a whole world of ideas concerning the nature of Time, and the dichotomy between intention and coincidence. But they are, first and foremost, a visual experience, surfaces that we can study, as we would study the workings of the elements themselves. Just as there are innumerable images in the shadows of a mountain side, we can detect countless suggestions in the residue of coincidental flow - a face, the head of a bull, a hand, human body or mountain. A mountain may appear as a floating interplay of light and shadow for a brief moment, in the bright summer sun, its weight and size suddenly giving way to the feeling of illusion. The fleetness of life becomes evident in an instant - Time can suspend itself for just a fraction of a second and then continue on its course. In the same way these diverse images that appear on the paper can evoke a sense of temporal discontinuity, the fusion of all things.

It is possible to lose oneself in the beauty of these surfaces, but at the same time to connect with what lies beneath: a dissolving of Time itself and the small, broken fragments of history that seem to puncture its skin.

*Ragna Sigurðardóttir.*



Dregjar úr óskabrunni / Lees From the Wishing Well, 2001



## ALISTAIR MACINTYRE

fæddur/Born 1958 Bretlandi/Britain

Smáragata 2, 101 Reykjavík, Iceland. / Studio: 4, Holmaslóð, 101, Reykjavík.

Tel: + 354 511 7011 Fax: + 354 511 7001 / GSM: + 354 694 7712 / e mail: turnstone@simnet.is

### Menntun/Education

1990 BA(Hons) Fine Art, Cardiff / 1981 Diploma in Landscape Architecture, Cheltenham

### Valdar einkasýningar / Selected Solo Exhibitions

2003 A Space Between Shadows, St. George's Gate, The Citadel, Heraklion, Grikklandi/Greece.

2000 Gravity Skins, Íslensk Grafík, Icelandic Association of Printmakers, Reykjavík, Iceland

1997 Massing Unmassing, Turnpike Gallery, Manchester, Bretlandi/U.K.

1996 Going to Ground, Gerðarsafn, Art Museum of Kopavogur, Iceland

### Valdar samsýningar / Selected Group Exhibitions

2002 Time, The Jelly Arts Centre, Reading, Bretlandi/U.K.

2001/2 Welsh artists programme, Museum of Modern Art for Wales, Machynlleth, Bretlandi/U.K.

2001 All that is Solid, LPS Gallery, London, Bretlandi/U.K.

2000 Beginnings, The Whitworth Art Gallery, Manchester, Bretlandi/U.K.

1997 Gallery Artists, Fulcrum Gallery, Soho, New York



Tvöþúsund fetum ofan við völundarhúsið fjögurþúsund sinnum umhverfis sólu  
Two Thousand Feet Above the Labyrinth Four Thousand Times Around the Sun, 2003

## INNGANGUR

„Ein kynslóðin fer og önnur kemur,  
en jörðin stendur að eilífu.“ (Prædikarinn, 1.4)

Náttúran geymir upphaf og endi alls lífs á jörðu. Hún fóstrar líf, nærir það og elur til fulls þroska, og allt hverfur það aftur til jarðarinnar þegar yfir lýkur. Náttúran er með sama hætti endastöð allrar mannglegrar viðleitni; mannvirki, framkvæmdir og menningarleg sköpun af öllu tagi er þegar allt kemur til alls háð náttúruöflunum, og mun um síðir þurfa að lúta kröftum þeirra – eyðast og verða afmáð, þar til aðeins óljós minningarbrot verða eftir, háð tilviljunum náttúrunnar og tímans um varðveislu eða eyðileggingu.

Þessi staðreynd lífs og dauða, endingar og eyðileggingar eru undirstaða leitar listamannsins Alistair Macintyre að þeim gildum, sem hann leggur til grundvallar í listsköpun sinni. Í stað þess að bjóða hinum eyðandi öflum náttúrunnar byrginn hefur hann kosið að vinna með þeim, láta þau taka þátt í að skapa einstök listaverk, sem byggjast m.a. á þeim minjum fortiðar, sem náttúran hefur kosið að skila til okkar. Minningarbrot mannglegrar viðleitni í fortiðinni óðlast þannig nýtt líf í samhengi nýrra tíma, og verða að undirstöðu listaverka í samtímanum.

Eiríkur Þorláksson,  
forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur

## INTRODUCTION

“Generations come and generations go,  
but the earth remains forever.” (Ecclesiastes 1.4)

Nature harbors the beginning and end of all life on earth. It fosters life, nurtures and raises to fruition, and it all returns to the earth when it is over. Nature is in the same way the final destination for all human endeavor; buildings, enterprises and cultural creations of all kinds are in the final analysis dependent on the forces of nature, and will in the end bow to their power – be broken down and vanish, until only a few vague fragments remain, subject to the accidents of nature and time for their preservation or destruction.

This fact of life and death, conservation or devastation, is the foundation for the search of the artist Alistair Macintyre for the values on which he bases his artistic creation. In stead of defying the destructive forces of nature he has chosen to work with them, letting them take part in the creation of unique works of art, that are among other things based on those relics from the past, that nature has chosen to deliver to us. Fragments of human endeavors from the past are thus given a new life in the context of new times, becoming the foundation of art in the present.

Eiríkur Þorláksson,  
Director of Reykjavík Art Museum

## Kjarvalsstaðir

Flókaötu - 105 Reykjavík

Sími/Tel: (354) 517 1290 Fax: (354) 562 6191

Opni daglega / Open daily 10-17

Leiðsögn alla sunnudaga kl. 15

Fastasýning / Permanent exhibition

Myndir úr Kjarvalsafni / Works from the Kjarval Collection

**7. febr. – 28. mars**

Órar um ást og kvöl og

smásmugulegar einkalífssrannsóknir

„Þær eru haldnar órum um ást og þrá sem þær fá útrás fyrir í verkum sínum. Það sem hins vegar raunverulega vakir fyrir þeim með list sinni er að leggja sitt af mörkum til að bjarga heiminum.“

Samsýning Önnu Eyjólfsdóttur, Ragnhildar Stefánsdóttur og Þórdísar Óldu Sigurðardóttur.

*Figments of love and*

*fastidious research on private lives*

“They convey figments of love and desire in their works of art. The real motive for their art is however to make a difference in the world.” Joint exhibition by Anna Eyjólfsdóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir and Thordis Alda Sigurðardóttir.

Þjónusta við hópa

Hægt er að panta leiðsögn fyrir hópa 10 til 50 gesta og er hún þá sniðin að óskum hvers hóps.

Verð kr. 8.500,- auk aðgangseyris fyrir hvern einstakling í hópnum; hópafsláttarverð kr. 250,- Á milli kl. 10 og 16 virka daga er ekki tekið gjald fyrir að taka á móti hópum eldri borgara eða fatlaðra.

**Sunnudagur 15. febrúar kl. 15**

Listamannsspjall

Þórdís Alda Sigurðardóttir ræðir verk sín og skoðar sýninguna ásamt sýningargestum.

**Sunnudagur 29. febrúar kl. 15**

Listamannsspjall

Ragnhildur Stefánsdóttir ræðir verk sín og skoðar sýninguna ásamt sýningargestum.

**Sunnudagur 7. mars kl. 15**

Listamannsspjall

Anna Eyjólfsdóttir ræðir verk sín og skoðar sýninguna ásamt sýningargestum.

**7. febr. – 28. mars**

Thing of A Day – Alistair Macintyre

Grafikverk unnin með sérstökum aðferðum. / Graphic works made with special methods.

**Sunnudagur 22. febrúar kl. 15**

Listamannsspjall

Alistair Macintyre ræðir verk sín og skoðar sýninguna ásamt sýningargestum.

Er listin þraut?

Leiðsögn í formi leikja og þrauta fyrir hópa barna og fulloröðinna. Nokkuð sem gaman er að taka þátt í og eykur skilning og áhuga á myndlist. Tilvalið fyrir foreldrafélög í grunnskólum. Verð kr. 800,- fyrir hvert barn sem býður með sér einum fullorðnum. Aðrir full-orðnir þátttakendur greiða hópafsláttarverð kr. 250,-

## Ásmundarsafn

Sigtúni - 105 Reykjavík

Sími/Tel: (354) 553 2155 Fax: (354) 590 1201

Opni alla daga / Open daily

1. maí – 30. september 10-16

1. október – 30. apríl 13-16

**20. maí – 11. maí 2004**

Ásmundur Sveinsson - Nútímamaðurinn / *The Modern Man*

**Sunnudagur 8. febrúar kl. 14**

Listamannsspjall

Ásdís Sif Gunnarsdóttir ræðir verk sín við sýningargesti.

**6. feb. – 2. maí**

Píramidarnir / *The Pyramids*

Ásdís Sif Gunnarsdóttir 6. feb. – 29. feb.

Erling Klingenberg 5. mars – 28. mars

Guðný Guðmundsdóttir 7. apríl – 2. maí

**Sunnudagur 14. mars kl. 15**

Listamannsspjall

Erling Klingenberg ræðir verk sín við sýningargesti.

**Sunnudagur 25. apríl kl. 15**

Listamannsspjall

Guðný Guðmundsdóttir ræðir verk sín við sýningargesti

Alla sunnudaga klukkan 15 er leiðsögn um sýningar

á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsi.

Í boði er táknaðstúlkun við sunnudagsleiðsögn,

panta þarf túlkun með minnst viku fyrirvara.

Guided tours are available upon request.



LISTASAFN REYKJAVÍKUR  
REYKJAVÍK ART MUSEUM  
KJARVALSSTAÐIR • HAFNARHÚSI • ÖSMUNDARSAFN